

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Norður-Brekku, neðri hluta.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 10. nóvember 2021 breytingu á deiliskipulagi neðri hluta Norður-Brekku.

Breytingin á við um Þórunnarstræti 114 og felur í sér aukningu á íbúðafjölda í fjórar í stað tveggja. Þá er gert ráð fyrir fjórum bílastæðum innan lóðar með aðkomu frá Hamarstíg. Kvöð er um skjólvegg á lóðamörkum aðliggjandi lóða.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 3. janúar 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 17. janúar 2022